

11. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn, þriðjudaginn 13. október 2015 og hófst hann kl. 15:00.

Mætt eru:

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Járnbrá Ólafsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Steinunn Anna Halldórsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurbjörnsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra Barnabóls

- Starfsmannamál. Aðalbjörg Steinunn Jóhannesdóttir hefur verið ráðin í 50% stöðu og þá er fullmannað. Fræðslunefnd mælir með ráðningu hennar.
- 32 börn í skólanum.
- Kynning á vetrarstarfi fyrir foreldra var 2.september, sem gekk mjög vel. Allt skipulagt starf er komið á fullt. Mikil áhersla hefur verið á útikennsluna en allir fara a.m.k. einu sinni í viku í markvissa útikennslu.
- Dagur læsis, allir komu með bækur að heiman þá viku.
- Dagur íslenskrar náttúru, kakó hitað í eldstæði, berjamór og ruslatínsla.
- Barnaból er Sólblómaleikskóli í gegnum SOS barnaþorp. Barnaból styrkir eitt barn í Tansaníu sem býr í barnaþorpi þar. 45 þús á ári en þessu fylgir svolítið námsefni og upplýsingar um stúlkuna, lífstíl og menningu þar.
- Stendur til að flagga Grænfánanum aftur 21.október. Verður boðið upp á kjötsúpu í útielddhúsi.
- Starfsdagur verður mánudaginn 19.okt og allir starfsmenn fara að Brúarási á ráðstefnu Landverndar vegna Grænfána.
- Aukin opnun þar sem margir þurfa gæslu frá 7:45, því opna báðar deildir þá.
- Ársskýrsla lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

Grunnskólinn;

- 10.bekkur kominn með spjaldtölvur til eigin nota.
- Sex nemendur þreyttu samræmt próf.
- Skólinn verður 30 ára í haust og stefnan er að halda afmæli í kringum 14.nóvember. Nemendur vinni þá vinnustofuverkefni um skólahald á Bakkafirði og kynni þar ásamt þátttöku foreldra og innleggi gamalla nemenda.
- Starfsáætlun lögð fram til kynningar.
- Jafnréttisáætlun og eineltisáætlun lögð fram.



- Mappa með fleiri gögnum fyrir Grunnskólann á Bakkafirði verður geymd niðrá skrifstofu, s.s. vinnstofublöð, bekkjarnámsskrár o.fl.
- Tónlistarmarabon verður í tónlistarskólanum á föstudaginn nk.
- Starfsdagur hjá kennurum á föstudaginn og er starfsfólk að fara í heimsókn að Brúarási.
- Margir skemmtilegir viðburðir búnir að vera það sem af er hausti.
- Skólahjúkrunarfræðingur kemur 1x í mánuði.
- Ingvar Sigurgeirs og Jakob Frímann áætla að koma 28.okt.
- Hluta af skólanum á að mála
- Lægsti rekstrarkostnaður á grunnskóla í þessari stærðargráðu fyrir 2014.

Leikskólinn;

- Búið að auglýsa eftir starfsmanni þar sem núverandi starfskraftur vill hætta.
- Von um manneskju í febrúar og spurning um að ráða tímabundið í millitíðinni.

3. Skýrsla skólustjóra Grunnskólans á Þórshöfn

- Mikið búið að vera um að vera á haustdögum s.s. Möguleikhúsið, fjölgreindarleikarnir, gengið í skólann, Blátt áfram, Skólahlaupið, Fiðlan og fótstigið, samræmd próf, bekkjarkvöld og námsefniskynningar.
- Innleiðing á nýju vinnumatí starfsmanna í kjölfar nýrra kjarasamninga hefur gengið mjög vel.
- Tveir starfsmenn komnir til starfa, Helga stuðningsfulltrúi og Lára Björk umsjónarkennari.
- Grænfánaverkefni. Hilma mun sjá um það verkefni og fara á ráðstefnuna að Brúarási.
- Foreldrasamstarf hefur gengið vel og er foreldrafélagið að innleiða foreldrasáttmálann.
- Starfsáætlun lögð fram til kynningar.
- Akstursáætlun A lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða með fyrirvara um akstursáætlun B sem gerir ráð fyrir Syðra-Álandi.

4. Önnur mál

Starfsáætlun fræðslunefndar kynnt og bætt í eftir ráðleggingum fundarmanna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00